



**Kveðja frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Sjómanna dagurinn í Grindavík er sannkölluð þjóðhátíð og ætíð eru sólskin og gleðibragur svipmót dagsins í minningunni.

Við Guðrún Katrín höfðum árum saman notið þess að heimsækja Grindavík á sjómanna daginn, hlýða á kjarnyrtar ræður, horfa á keppni við höfnina, setjast að hlöðnu kökuborði í félagsheimilinu og spjalla við bæjarbúa og gamla vini um landsins gagn og nauðsynjar. Okkur þótti því vænt um að vera á fyrsta ári forsetatíðar boðið að koma til Grindavíkur á sjómanna daginn og minningarnar um hlýlegar móttökur og ánægjulega samveru eru mér afar kærar.

Grindavík hefur vaxið og dafnað fyrst og fremst í krafti þeirra auðæfa sem sjómenn hafa fært að landi og fiskverkafólk gert að verðmætum á heimsmarkaði. Saga byggðarinnar er vitnisburður um glæsilegan árangur sem uppbygging íslensks sjávarútvegs hefur skilað. Nýir áfangar hafa skapað blómlegan bæjarbrag og jafnan er gaman að sýna góðum gestum sem til Íslands koma hverju Grindvíkingar hafa komið í verk.

Sjómennskan hefur löngum krafist atorku og úthalds. Fórnirnar sem færðar hafa verið eru áminning um að veður og vindar hafa oft reynst erfið viðureignar. Hafið hefur á stundum verið harður húsbóndi og mannlegur máttur þá eigi megnað að bjarga. Við hugsum á þessum degi til þeirra sem druknað hafa og vonum að fjölskyldum þeirra veitist huggun í glímunni við sorg og söknuð.

Ég sendi sjómönnum í Grindavík, fiskvinnslufólki og bæjarbúum öllum kærar kveðjur með óskum um að enn á ný verði hátíðarhöldin öllum til gleði.

Ólafur Ragnar Grímsson
(undirskrift)